# Föstudagur 4. ágúst



## SJÓNVARPIÐ

17.50 **Gosi (32)** (Pinocchio). Teiknimyndaflokkur um ævintýri Gosa. Þýðandi Jóhanna Þráinsdóttir. Leikraddir Örn Árnason.
18.15 **Litli sægarpurinn** (Jack Holborn). Tólfti þáttur. Nýsjálenskur myndaflokkur í tólf þáttum. Aðalhlutverk Monte Markham, Terence Cooper, Matthias Habich og Patrick Bach. Þýðandi Sigurgeir Steingrímsson.
18.45 **Táknmálsfréttir.**
18.50 **Austurbæingar** (Eastenders). Breskur framhaldsmyndaflokkur. Þýðandi Kristmann Eiðsson.
19.20 **Benny Hill.** Breskur gamanmyndaflokkur. Þýðandi Stefán Jökulsson.
19.50 **Tommi og Jenni.**
20.00 **Fréttir og veður.**
20.30 **Þungskýjað að mestu – en léttir til með morgninum.** Fylgst er með jeppaferð yfir Ísland, frá vestasta odda landsins til hins austasta. Dagskrárgerð Jón Björgvinsson.
21.30 **Valkyrjur** (Cagney and Lacey). Bandarískur sakamálamyndaflokkur. Þýðandi Kristrún Þórðardóttir.
22.20 **Vinkonur** (Old Enough). Bandarísk bíómynd í léttum dúr frá 1984. Leikstjóri Marisa Silver. Aðalhlutverk Sarah Boyd, Rainbow Harvest, Neil Barry. Myndin fjallar um tvær unglingsstúlkur. Önnur er af efnuðu fólki komin en hin býr við þrengri kost en báðar þurfa þær að berjast við fordóma til að fá að viðhalda vináttunni. Þýðandi Þorsteinn Þórhallsson.
23.50 **Útvarpsfréttir í dagskrárlok.**

## STÖÐ 2

16.45 **Santa Barbara.**
17.30 **Skuggi rósarinnar.** Specter of the Rose. Skuggi rósarinnar er um ballettflokk sem leggur upp í sýningarferð. Aðaldansararnir tveir fella hugi saman og giftast. Þegar velgengni þeirra er í algleymingi missir hann vitið. Hún vakir yfir honum daga og nætur uns hún fellur örmagna í djúpan svefn. Með hníf í hendi dansar hann „Skugga rósarinnar" yfir sofandi konu sinni. Aðalhlutverk: Judith Anderson, Michael Chekhov, Ivan Kirov og Viola Essen.
19.19 **19:19.** Fréttir og fréttaskýringaþáttur ásamt umfjöllun um þau málefni sem ofarlega eru á baugi.
20.00 **Teiknimyndir.** Fjörugar teiknimyndir.
20.15 **Ljáðu mér eyra . . .** Fréttir úr tónlistarheiminum, nýjustu kvikmyndirnar kynntar og viðtöl við erlenda sem innlenda tónlistarmenn. Umsjón Pia Hansson.
20.50 **Bernskubrek.** The Wonder Years. Gamanmyndaflokkur fyrir alla fjölskylduna. Aðalhlutverk: Fred Savage, Danica McKellar o.fl.
21.20 **Svikahrappar.** Skullduggery. Burt Reynolds fer með aðalhlutverkið í þessari ævintýralegu mynd sem greinir frá uppgötvun hans og vinkonu hans í Nýju-Gíneu. Þau finna ættbálk sem nefndur er Tropi og samanstendur af gæfum mannöpum. Mannlega eiginleika ættbálksins þarf að sanna fyrir dómstólunum en þá fyrst er hægt að forða honum frá útrýmingu. Aðalhlutverk: Burt Reynolds, Susan Clark, Roger C. Carmel, Paul Hubschmid og Chips Rafferty.
23.00 **Í helgan stein.** Coming of Age. Léttur gamanmyndaflokkur sem fjallar um fullorðin hjón og lífsmáta þeirra eftir að þau setjast í helgan stein. Aðalhlutverk Paul Dooley, Phyllis Newman og Alan Young.
23.25 **Morðingi gengur aftur.** Terror at London Bridge. Árið 1888 féll hinn geðveiki fjöldamorðingi, Jack the Ripper eða Kobbi kviðristir, fyrir skotum lögreglumanna. Atburðurinn átti sér stað á Lundúnabrú en þegar Jack féll í ána losnaði um stein í brúnni og fór hann sömu leið og Jack. Steinninn fannst aldrei, sama hversu nákvæmlega áin var kembd. Tæpum hundrað árum eftir þennan atburð er Lundúnabrú flutt til Arizona á frægar söguslóðir. Skömmu áður en brúin er reist í Arizona kemur hinn glataði steinn loks í leitirnar og er brúin vígð með pomp og prakt. Á leið sinni til vígslunnar verður ung stúlka á vegi árásarmanns sem ræður henni bana. Öll ummerki benda til þess að hér sé á ferð morðingi sem muni ekki láta sér nægja þetta eina morð. Aðalhlutverk: David Hasselhoff, Stephanie Kramer, Randolph Mantooth og Adrienne Barbeau. Stranglega bönnuð börnum.
1.05 **Uppgjöf hvað. . .** No Surrender. Bresk gamanmynd sem gerist í Liverpool. Fyrrverandi söngvari gerist framkvæmdastjóri skuggalegs næturklúbbs sem nokkrir glæpamenn eiga. Sér til skelfingar uppgötvar hann að forveri hans í starfi hefur horfið sporlaust. Aðalhlutverk: Michael Angels, Avis Bunnage, James Ellis, Elvis Costello o.fl. Stranglega bönnuð börnum.

## Rás I FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Gunnar Kristjánsson flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **Í morgunsárið** með Ingveldi Ólafsdóttur.
9.00 **Fréttir.**
9.03 **Litli barnatíminn:** Viðburðaríkt sumar eftir Þorstein Marelsson. Höfundur les lokalestur (9.) (Einnig útvarpað um kvöldið kl. 20.00.)
9.20 **Morgunleikfimi** með Halldóru Björnsdóttur.
9.30 **Landpósturinn** – Frá Austurlandi. Umsjón: Haraldur Bjarnason.
10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
10.10 **Veðurfregnir.**
10.30 **Sveitasæla.** Umsjón: Signý Pálsdóttir. (Einnig útvarpað kl. 21.00 næsta mánudag.)
11.00 **Fréttir.**
11.03 **Samhljómur.** Umsjón: Anna Ingólfsdóttir. (Einnig útvarpað að loknum fréttum á miðnætti.)
12.00 **Fréttayfirlit.** Tilkynningar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar. Tónlist.
13.05 **Í dagsins önn.** Umsjón: Anna M. Sigurðardóttir.
13.35 **Miðdegissagan:** Pelastikk eftir Guðlaug Arason. Guðmundur Ólafsson les (4.)
14.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
14.05 **Ljúflingslög.** Svanhildur Jakobsdóttir kynnir. (Einnig útvarpað aðfaranótt miðvikudags að loknum fréttum kl. 2.00.)
15.00 **Fréttir.**
15.03 **Að framkvæma fyrst og hugsa síðar.** Þriðji þáttur af sex í umsjá Smára Sigurðssonar. (Frá Akureyri) (Endurtekinn þáttur frá miðvikudagskvöldi.)
16.00 **Fréttir.**
16.03 **Dagbókin. Dagskrá.**
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Barnaútvarpið** – Létt grín og gaman. Umsjón: Sigríður Arnardóttir.
17.00 **Fréttir.**
17.03 **Tónlist á síðdegi** – Liszt, Stenhammar, Gounoud, Chabrier, Obradors og Cimaglia.
18.00 **Fréttir.**
18.03 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. (Einnig útvarpað að loknum fréttum kl. 22.07.)
18.10 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Einnig útvarpað í næturútvarpi aðfaranótt mánudags kl. 4.40.) Tónlist. Tilkynningar.
18.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.32 **Kviksjá.** Umsjón: Freyr Þormóðsson og Ragnheiður Gyða Jónsdóttir.
20.00 **Litli barnatíminn:** Viðburðaríkt sumar eftir Þorstein Marelsson. Höfundur les lokalestur (9.) (Endurtekinn frá morgni.)
20.15 **Lúðraþytur.** Skarphéðinn Einarsson kynnir lúðrasveitartónlist.
21.00 **Sumarvaka.** a. Laugardagskvöld í Iðnó. Óskar Þórðarson flytur frumsaminn minningaþátt frá stríðsárunum. b. Heimir, Jónas, Vilborg og Þóra Stína syngja lög við ljóð eftir Davíð Stefánsson. c.Í Tíról. Ferðaþáttur eftir Guðbrand Vigfússon, Jón Þ. Þór les fyrri hluta. d. Savanna tríóið syngur og leikur e. Lýsing Reykholtsdals. Kafli úr nýútgefinni Ferðabók Magnúsar skálds Grímssonar fyrir sumarið 1848. Umsjón: Gunnar Stefánsson.
22.00 **Fréttir.**
22.07 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. (Endurtekinn frá sama degi.)
22.15 **Veðurfregnir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
22.30 **Danslög.**
23.00 **Í kringum hlutina.** Umsjón: Þorgeir Ólafsson.
24.00 **Fréttir.**
00.10 **Samhljómur.** Umsjón: Anna Ingólfsdóttir. (Endurtekinn frá morgni.)
01.00 **Veðurfregnir.**
01.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**

## Rás 2 FM 90,1

7.03 **Morgunútvarpið.** Leifur Hauksson og Jón Ársæll Þórðarson hefja daginn með hlustendum. Fréttir kl. 8.00, veðurfregnir kl. 8.15 og leiðarar dagblaðanna kl. 8.30.
9.03 **Morgunsyrpa.** Eva Ásrún Albertsdóttir. Neytendahorn kl. 10.05. Afmæliskveðjur kl. 10.30. Þarfaþing með Jóhönnu Harðardóttur kl. 11.03. Gluggað í heimsblöðin kl. 11.55.
12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Umhverfis landið á áttatíu.** með Gesti Einari Jónassyni sem leikur þrautreynda gullaldartónlist.
14.03 **Milli mála.** Árni Magnússon á útkíkki og leikur nýju lögin. Hagyrðingur dagsins rétt fyrir þrjú og Veiðihornið rétt fyrir fjögur.
16.03 **Dagskrá.** Dægurmálaútvarp. Stefán Jón Hafstein, Sigurður Þór Salvarsson, Lísa Pálsdóttir og Sigurður G. Tómasson. – Kaffispjall og innlit upp úr kl. 16.00. – Arthúr Björgvin Bollason talar frá Bæjaralandi. – Stórmál dagsins á sjötta tímanum.
18.03 **Þjóðarsálin,** þjóðfundur í beinni útsendingu, sími 91-38 500.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.32 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
20.30 **Í fjósinu.** Bandarískir sveitasöngvar.
21.30 **Kvöldtónar.**
22.07 **Síbyljan.** Sjóðheitt dúndurpopp beint í græjurnar. (Endurtekinn frá laugardegi.)
00.10 **Snúningur.** Áslaug Dóra Eyjólfsdóttir ber kveðjur milli hlustenda og leikur óskalög.
02.00 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.** Fréttir kl. 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

**NÆTURÚTVARP**

02.00 **Fréttir.**
02.05 **Rokk og nýbylgja.** Skúli Helgason kynnir. (Endurtekið frá mánudagskvöldi.)
03.00 **Róbótarokk.** Fréttir kl. 4.00.
04.30 **Veðurfregnir.**
04.35 **Næturnótur.**
05.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
05.01 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
06.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
06.01 **Á frívaktinni.** Þóra Marteinsdóttir kynnir óskalög sjómanna. (Endurtekinn þáttur frá mánudegi á Rás 1.)
07.00 **Morgunpopp.** Svæðisútvarp Norðurlands kl. 8.10–8.30 og 18.03–19.00. Svæðisútvarp Austurlands kl. 18.03–19.00

## 98.9 BYLGJAN

7.00 **Páll Þorsteinsson** kannar hvert straumurinn liggur.
10.00 **Valdís Gunnarsdóttir.** Valdís er með hlutina á hreinu og leikur góða blöndu af þægilegri og skemmtilegri tónlist eins og henni einni er lagið. Bibba í heimsreisu kl. 10.30.
14.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson.** Óskalögin, kveðjurnar, nýjustu lögin, gömlu góðu lögin, allt á sínum stað. Bjarni Ólafur stendur alltaf fyrir sínu. Bibba í heimsreisu kl. 17.30.
18.10 **Reykjavík síðdegis. Hvað finnst þér?** Umferðarmálin efst á baugi. Rætt við lögreglu og umferðarráð.
Um að gera að koma athugasemd sinni á framfæri í síma 61 11 11. Umsjónarmaður er Arnþrúður Karlsdóttir.
19.00 **Hitað upp.** Kynnt undir helgarstemmningunni.
24.00 **Troddu þér nú inní tjaldið hjá mér.** Samtengd næturvakt þar sem allt er látið flakka.
**Fréttir á Bylgjunni kl. 8.00, 10.00, 12.00, 14.00, 16.00 og 18.00. Fréttayfirlit kl. 9.00, 11.00, 13.00, 15.00 og 17.00.**

## Stjarnan FM 102,2 & 104

7.00 **Þorgeir Ástvaldsson** fylgist með hvar fjörið verður um helgina og gefur góð ráð.
Kl. 8.30 er fluttur stuttur veiðiþáttur Þrastar Elliðasonar, með viðtölum og fréttum af veiði.
9.00 **Gunnlaugur Helgason.** Leikir, tónlist og ýmislegt létt sprell með hlustendum. Gunnlaugur leikur nýjustu lögin og kemur kveðjum og óskalögum hlustenda til skila. Bibba í heimsreisu kl. 10.30.
14.00 **.Margrét Hrafnsdóttir.** Margrét stjórnar tónlistinni með duglegri hjálpa hlustenda. Þægileg og róleg tónlist milli kl. 18.10 og 19. Bibba í heimsreisu kl. 17.30. Allar helstu upplýsingar um verslunarmannahelgina.
19.00 **Kristófer Helgason.** kemur fólki í helgarstuð. Óskalög og kveðjur.
24.00 **Lækkaðu ljósin beig...**Nóttin er ung og stuðið rétt að hefjast.
6.00 **Tónlist fyrir þá sem eru ekki ennþá sofnaðir.**

**Fréttir á Stjörnunni kl. 8.00, 10.00, 12.00, 14.00, 16.00 og 18.00. Fréttayfirlit kl. 9.00, 11.00, 13.00, 15.00 og 17.00.**

## Rót ÚTVARP FM 106•8

09.00 **Rótartónar.**
12.30 **Goðsögnin um G. G. Gunn.** E.
13.30 **Tónlist.**
14.00 **Tvö til fimm.** með Grétari Miller.
17.00 **Geðsveiflan** með Alfreð J. Alfreðssyni.
19.00 **Raunir.** Tónlistarþáttur í umsjá Reynis Smára.
20.00 **Fés.** Unglingaþáttur í umsjá Björns Inga.
21.00 **Gott bít.** Tónlistarþáttur í umsjá Kidda kanínu.
23.30 **Rótardraugar.** Lesnar draugasögur fyrir háttinn.
24.00 **Næturvakt**

## EFF EMM 95.7

7.00 **Hörður Arnarson.**
9.00 **Sigurður Gröndal og Richard Scobie.**
11.00 **Steingrímur Ólafsson.**
13.00 **Hörður Arnarson.**
15.00 **Sigurður Gröndal og Richard Scobie.**
17.00 **Steingrímur Ólafsson.**
19.00 **Anna Þorláks.**
22.00 **Þorsteinn Högni Gunnarsson.**
1.00 **Sigurður Ragnarsson.**
3.00 **Nökkvi Svavarsson.**

## SKY CHANNEL

4.30 **Viðskiptaþáttur.**
5.00 **The DJ Kat Show.** Barnaefni.
7.30 **The Panel Pot Pourri.** Skemmti- og leikjaþáttur.
9.00 **The Sullivans.** Framhaldsþáttur.
9.30 **Sky by Day.** Fréttaþáttur.
10.30 **A Problem Shared.** Fræðsluþáttur.
11.00 **Another World.** Sápuópera.
11.55 **General Hospital.**
12.50 **As the Worlds Turns.** Sápuópera.
13.45 **Loving.**
14.15 **The Lucy Show.** Gamanþáttur.
14.45 **Lady Lovely Locks.** Teiknimynd.
15.00 **Poppþáttur.**
16.00 **The Young Doctors.**
16.30 **Three's Company.** Gamanþáttur.
17.00 **Sky Star Search.** Hæfileikakeppni.
18.00 **Sale of the Century.** Getraunaþáttur.
18.30 **Black Sheep Squadron.** Spennuflokkur.
19.30 **White Lion.** Kvikmynd.
21.30 **Jameson Tonight.** Rabbþáttur
22.30 **Life's Monst Embarrassing Moments.**

## SKY MOVIES

13.00 **Wind in the Willows.**
14.30 **King of the Beasts.**
15.00 **Fatty Finn.**
17.00 **Maxie.**
19.00 **How to Marry a Millionaire.**
21.00 **The Pick-Up Artist.**
22.30 **The Boys Next Door.**
00.00 **The Hitchhiker.**
00.30 **Star 80**
03.00 **Maxie.**

## EUROSPORT

9.30 **Golf.**Swedish Open.
10.30 **Mobil Sport News.** Fréttir og fleira af kappakstri.
11.00 **Surfer magazine.** Brimbrettakeppni á Hawaii.
11.30 **Kajakakeppni.**
12.30 **Blak.**
13.30 **Hestaíþróttir.**
14.30 **Ástralski fótboltinn.**
15.30 **Eurosport Menu.**
16.00 **Golf.** Swedish Open.
17.00 **Hafnabolti.** Úr amerísku deildinni.
18.00 **Kajakakeppni.**
19.00 **Blak.**
20.00 **Golf.** Miðnætursólarbikar kvenna.
21.00 **Rugby.** Hörkukeppni í áströlsku deildinni.
22.00 **Golf.** Swedish Open.

## SUPER CHANNEL

13.30 **Off the Wall.** Poppþáttur.
14.30 **Hotline.**
16.30 **The Global Chart Show.** Tónlistarþáttur.
17.30 **Foley Square.**
18.00 **Ferðaþáttur.**
18.25 **Hollywood Insider.**
18.50 **Transmission.**
19.45 **Fréttir og veður.**
20.00 **Chart Attack.**
21.00 **In Concert.** Billie Holiday
22.00 **Fréttir, veður og popptónlist.**

## Rás 1 kl. 23.00:

# Í kringum hlutina

Þátturinn Í kringum hlutina er að þessu sinni helgaður jeppamenningu og fjallaferðum. Jeppaeign hefur aukist mjög á undanförnum árum og æ fleiri leggja til atlögu við fjöll og firnindi og straumharðar ár. Það er þó ekki hættulaust eins og allir vita.

Í þættinum í kvöld gefur reyndasti vatnamaður landsins, Sigurjón Rist vatnamælingamaður, jeppamönnum leiðbeiningar varðandi akstur yfir ár og fljót. Þá verður rætt við eldri jeppakalla um breytingar á búnaði bílanna í gegnum tíðina, frá ýsubeinadekkjum gömlu landbúnaðarjeppanna til 44 tommu monster mudder dekkja ungu kynslóðarinnar nú um stundir.



**Sigurjón Rist vatnamælingamaður gefur leiðbeiningar um akstur í ám á rás 1 í kvöld.**



**Burt bjargar stúlkunni frá apamanninum.**

## Stöð 2 kl. 21.20:

# Svikahrappar

Mynd þessi segir frá nokkrum fornleifafræðingum í leiðangri á Nýju Gíneu. Höfuðpaur hópsins heitir Susan og telur hún sig hafa komist á snoðir um „týnda hlekkinn" í þróunarsögu mannsins.

Þar með er þó ekki öll sagan sögð. Konan hefur nefnilega einnig fundið áður óþekktan þjóðflokk af gæfum apamönnum sem eru í útrýmingarhættu. Eina leiðin til að bjarga apamönnunum er að sannfæra dómstóla um að verur þessar séu í raun mannlegar.

Burt Reynolds, sá gamli kappi, fer fremstur í flokki leikaranna sem hér koma við sögu. Honum til fulltingis eru Susan Clark, Roger C. Carmel, Paul Hubschmid og Chips Rafferty. Leikstjóri herlegheitanna er Gordon Douglas.

Maltin segir myndina aðeins vera einnar og hálfrar stjörnu virði, enda mun handritshöfundurinn ekki hafa viljað leggja nafn sitt við hana þegar upp var staðið.

## Stöð 2 kl. 23.25:

# Morðingi gengur aftur

Lögregla Lundúnaborgar króaði Kobba kviðristu af við Londonbrúna árið 1888 og kom á hann nokkrum skotum. Síðast sást til Kobba þar sem hann steyptist í Temsá og með honum steinn úr brúnni. Og þar með var hann allur. Eða hvað...? Um það fjallar þessi kvikmynd.

Tæpum eitt hundrað árum síðar, 1985, eru menn í Arizona í Bandaríkjunum að búa sig undir að vígja Londonbrúna sem hefur verið flutt yfir hafið og sett saman, stein fyrir stein. Ekkert vantar því steinninn, sem Kobbi tók með sér í vota gröfina, fannst á árbotninum og hefur verið komið fyrir á sínum stað.

Kvöldið fyrir opnunarathöfnina er kona ein á gangi yfir brúna og mætir þá manni sem er klæddur eins og Kobbi. Maðurinn drepur konuna með einu hnífsbragði.

Líkið finnst daginn eftir og lögreglan hefur rannsókn málsins. Morðinginn lætur aftur til skarar skríða og tekur nú að æsast leikurinn því allt bendir til að Kobbi kviðrista sé genginn aftur.



**David Hasselhoff og Stephanie í æsispennandi baráttu við Kobba kviðristu afturgenginn.**

Aðalhlutverk í þessari spennumynd leika David Hasselhoff, Stephanie Kramer, Randolph Mantooth og Adrienne Barbeau. Leikstjóri er E.W. Swackhamer.